

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
Sölvhólgötu 7  
101 REYKJAVÍK

Hafnarfirði, 24. september 2019

Tilv. ráðuneytis SRN19010111/4.10.1

Málnr. Hfj. 1909513 og 1709249

Vísað er til bréfs ráðuneytisins frá 18. september s. l.


Á fundi bæjarstjórnar 12. desember 2018 voru nýjar samþykktir um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samþykktar og í framhaldinu sendar ráðuneytinu til staðfestingar. Með tölvupósti frá ráðuneyti var upplýst að ráðuneytið gæti ekki staðfest samþykktina óbreytta. Athuga þyrfti og útfæra upp á nýtt ákvæði um framsal til fullnaðarafgreiðslu og ákvörðunar til annars vegar nefnda/ráða og hins vegar starfsmanna.

Tölvupóstur ráðuneytisins var lagður fram í forsetanefnd 1. apríl sl.

Unnið hefur verið að því hjá Hafnarfjarðarkaupstað að gera viðeigandi breytingar á samþykkt kaupstaðarins með tilliti til þeirra athugasemda sem ráðuneytið gerði.

Gert er ráð fyrir vinnan klárast á næstu vikum.

Virðingarfyllst,



Sigríður Kristinsdóttir  
sviðsstjóri stjórnsýslusviðs og  
bæjarlögmaður